



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2018

ÞÝSK2DD05

| | | | |
|-----------------|--|---------------|-----------|
| Kennari: | Brynja Ingadóttir (brynja@fsu.is) | Sk.st. | BI |
|-----------------|--|---------------|-----------|

Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfaranna eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Lokið verður við að fara yfir helstu málfræðiatriði tungumálsins.

Lesin er léttlestrarbók og/eða smásögur og einnig eru lesnar greinar af samfélagsmiðlum um málefni líðandi stundar. Aukin áhersla er lögð á munnlega og skriflega tjáningu.

Við lok áfangans eiga nemendur að vera komnir að mörkum A2 og B1 samkvæmt evrópska matsrammanum.

Undanfari: ÞÝSK1CC05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins,
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur,
- grundvallarþáttum málkerfisins,
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega,
- lestri ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni,
- að taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi,
- að beita orðaforða á skýran hátt með því að beita málvenjum, framburði, áherslum og hljómfalli á sem réttastan hátt,
- að skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar,
- að fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál,
- að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í náminu
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- lesa skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína
- takast á við margvíslegar aðstæður í almennum samskiptum, beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum og halda samtali gangandi
- miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum
- útskýra og rökstyðja ákvarðanir og fyrirætlanir sem og gera málamiðlanir
- miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á
- skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega
- skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd eða blaðagrein
- skrifa um hugðarefni sín og áhugamál

Námsefni:

- Efni frá kennara; svo sem smásögur, greinar af samfélagsmiðlum, efni um Berlín ofl.
- Efni frá kennara; ýmiskonar æfingar í málnotkun
- Schritte International 3 (valið efni úr köflum 4 – 7)
- Lausblaðamappa og laus blöð (frá síðustu önnum)
- Lítil stílabók (nota stílabókina frá fyrrri áföngum)
- Orðabækur: t.d. www.deis.dict.cc , www.snara.is eða Langenscheidts orðabók
- Gagnvirkar æfingar: www.hueber.de/schritte-international/, www.allgemeinbildung.ch, www.schubert-verlag.de/aufgaben/index.htm og ef til vill fleiri æfingar sem finna má í Innu.

Sérreglur áfangans:

- Þar sem áfanginn er **SÍMATSÁFANGI** með fjölbreytilegu námsmati er mikilvægt að nemendur vinni öll verkefni og próf sem lögð eru fyrir.
- Mikilvægt er að nemendur fylgist vel með í Innu, skoði yfirlit yfir viðfangsefni hvers tíma / hverrar viku og dagsetningar prófa og verkefna. Þeir sem ekki komast í tíma ber að fylgja áætlun og vinna upp heima eða koma í viðtalstíma.
- Farin verður fjögurra daga ferð til Berlínar. Unnin verða verkefni í tengslum við ferðina. Nemendur verða sjálfir að fjármagna þessa ferð og verður það liður í starfinu á önninni.
- Í tengslum við Berlínarferðina verða unnin ýmis konar verkefni, s.s. lesskilnings- og orðaforðaverkefni og ýmis konar ritunar-, tal- og hlustunaræfingar.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

| Vika | Dagsetning | Námsefni - viðfangsefni | Próf og verkefni |
|----------|--|---|--|
| 34. vika | 21. – 24. 8. | Upprifjun | Ritun og tal |
| 35 – 37 | 27.8.- 14.9. | Berlín: menning og saga Málnotkun: Samtengingar Ritun dagbókar 1 (Bíómynd) Lestur / hlustun: Textar, smásögur og greinar samfélagsmiðla | Verkefni tengd Berlín Skila dagbók 1 Verkefni úr textum, smásögum og greinum samfélagsmiðla |
| 38 - 40 | 17.9. – 5.10. | Berlín: menning og saga Ferð til Berlínar 28.9. – 1.10. Kynna sér 1 – 2 staði í Berlín Rita ferðadagbók Lestur / hlustun: Textar, smásögur og greinar samfélagsmiðla | Verkefni tengd Berlín Kynning á staðnum Skila ferðadagbók (2) Verkefni úr textum, smásögum og greinum samfélagsmiðla |
| 41 - 42 | 8. – 17.10. (Hautfrí 18. – 19.10.) | Hlustun (Hueber – æfingar) Málnotkun: Tilvísunarforhöfn, sagnir með föstum forsetningum og afturbeygðar sagnir Ritun dagbókar 3 Lestur / hlustun: Textar, smásögur og greinar samfélagsmiðla | Hlustunaræfingar Verkefni í málnotkun Skila dagbók 3 Verkefni úr textum, smásögum og greinum samfélagsmiðla |
| 43 - 46 | 22.10. – 16.11. | Lestur: Grimmsævintýri (1 – 2) Málnotkun: Þátíð, lýsingarorð og þolmynd Ritun: Mein Hobby Lestur / hlustun: Textar, smásögur og greinar samfélagsmiðla | Lesskilningur Verkefni í málnotkun Ritun: Aschelpüttels Brief an ihren Vater Skila ritunarverkefni Verkefni úr textum, smásögum og greinum samfélagsmiðla |
| 47 - 49 | 19.11. – 7.12. | Málnotkun Lesi / Hlusta: Oktoberfest | Stöðupróf (Einstufungs- test) Oktoberfest: Munnl.próf Lokaritun:??? |

Námsmat:

| Námsþáttur: | Lýsing á námsmati: | Vægi: |
|--------------------|---|--------------|
| Lestur | Smásögur, textar, samfélagsmiðlar | 25% |
| Hlustun | Vefmiðlar, smásögur, kennslufni ofl. | 15% |
| Ritun | Dagbók, endursögn, frásögn, lýsing, bréf, | 20% |
| Tal | Frásögn, endursögn, samtal, viðtal ofl. | 20% |
| Ýmis verkefni | Málnotkun ofl. | 10% |
| Ástundun | Áhugi, virkni, vinnubrögð | 10% |

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Selfossi, 17. ágúst 2018

Brynja Ingadóttir